

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1062/2008, um mælifræðilegt eftirlit með vatnsmælum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr., um gildistíma löggildinga, er dreifiveitu heimilt að óska eftir tíma-
bundinni undanþágu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun frá kröfum um endurlöggildingu mæla,
enda liggi fyrir, útfærð og tímasett endurnýjunaráætlun fyrir útskipti mæla þar sem nýir snjallmælar
koma í stað eldri mæla eða mælasafns. Dreifiveita skal í slíku tilviki upplýsa Húsnæðis- og mann-
virkjastofnun um áform sín og skila tímasettri áætlun um útskipti mæla. Forsenda undanþágu er að
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hafi fengið öll gögn og farið yfir áform viðkomandi veitu um útskipti
mæla fyrir snjallmæla. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að fara fram á viðbótargögn eða
óska nánari upplýsinga telji hún það nauðsynlegt.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun er heimilt að afturkalla undanþágu skv. 1. mgr. komi í ljós að
forsendur fyrir henni séu brostnar eða að ekki hafi verið unnið eftir endurnýjunaráætlun fyrir útskipti
mæla.

Veiti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dreifiveitu undanþágu skv. 1. mgr. skal dreifiveita upplýsa
viðskiptavinum sínum um áform sín um útskipti mæla og snjallmælavæðingu, og gefa viðskiptavinum kost
á að skipt verði um mæli, sé þess óskað, í samræmi við tímamörk skv. 12. gr., óháð áformum
dreifiveitunnar um uppsetningu snjallmæla.

Synji Húsnæðis- og mannvirkjastofnun beiðni um undanþágu skv. 1. mgr. skal synjun rökstudd
og dreifiveitu veitt færi á að gera úrbætur á umsókn eftir atvikum.

Heimild til að veita undanþágu skv. 1. mgr. fellur úr gildi 31. desember 2028. Tryggja skal að
löggildingarferli hvers mælis eða mælasafns verði aldrei frestað um meira en sex ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtar-
menn og öðlast þegar gildi.

Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 29. september 2023.

F. h. r.

Ingvi Már Pálsson.

Harpa Theodórsdóttir.